"Vilgurn (

Vilgum

1930

# Viljinn

Lestrarfélagsblað

í

Miklabæjarsókn

1. t. bl.

1930.

Bæjaröð Kitjans er þessi: Kom. Fór.

| | Kom. | Fór. |
|---|---|---|
| Djúpidalur | 30. jan. | 1. febr. |
| Litlidalur | 1. febr | 2. febr. |
| M. Akrar | | |
| St. Akrar | 2. febrúar | 4 febr |
| Höskuldsstaðir | 4. febr. | 4. febr. |
| Miðhús | 4. febr | |
| Þorleifsstaðir | 5 febr. | 6 febr |
| Grundarkot | 6 febr | 7 febr |
| Vaglar | 7 | 8 |
| Hólfsstaðir | 8 | 15 |
| Miklibær | 16 | 21 |
| Víðivellir | 21 | 22. |
| Sólheimar | | |
| Sólheimagerði | 2 mars | 4 |
| Úlfsstaðakot | | |
| Úlfsstöðum | | |

Skilist þaðan til hókavarðar

J. V. Líz.

# Kitjann.

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

| 2. ár. | Janúar 1930. | 1. blað. |
|---|---|---|

# Sálmur.

Syngjum allir, syngjum allir
syngjum guði lofið hér,
hann er góður himnafaðir
honum treysta megum vér.
Látum andann, látum andann
lúta guðs í sorg og neyð
biðjum hann sem börn af hjarta
benda oss á rétta leið.

Himnafaðir, himnafaðir
harma bættu læknaðu sár,
lát þitt bjarta ljósið skína

lýsa oss og þerra tár.
veittu sjúkum, veikum, smáum
vertu drottinn þeirra skjól.
hug vorn leið til himinsala
horfum móti náðarsól.

Drottinn líknar, drottinn líknar
drottinn lít í náð til vor,
strengi hjartans stillum hreina
stígum gætnir æfispor.
Allir vaki, allir vaki.
Áfram tíminn líður fljótt
leitum guðs í lífi og dauða
ljúfir biðjum dag og nótt.

Agnar Baldvinsson

(Vísu eftir Þóru Jónsdóttur í Kirkjuba
Sérhvert árið útrennur ið
alda-sjárinn drekkur.
Þar í bárum þvælumst við
þar til nárinn sekkur. —

## Sönn gleði og kærleikur

Hin sanna gleði er ekki lausleg; hún hverfur eigi fyrir stormum rauna og mótlætis. Hin sanna gleði er varanleg, og er sameinuð ánægju rósemi og hamingju.
Hún veitir mæddum sálum frið og hvíld, að afstöðnum stormum mótlætis, svo að hún lítur trúar og vonar augum upp til hans, sem einn megnar að fylla þrá og eftirlöngun sálarinnar.
Kyrt og rótt ber vott um þrótt og þrek í stormunum og hretviðrum lífsins.
Vinsamlegt og hlýlegt viðmót veitir oft sanna gleði ekki síst þreyttum og mæddum. Þau verða sem ljós á hinum

dimma og hrjóstuga vegi hans.

Eitt eða annað viðvik, getur oft verið til sannrar gleði:
Hlýtt handtak getur veitt sálu manna gleði:
Það er svo margt, sem getur orðið til gleði á lífsleiðinni; en afar er það mismunandi hvað fólk er móttækilegt fyrir gleðina, sumir gleðjast fljótt og af litlu, en aðrir virðast gleðjast af fáu, og sumir jafnvel aldrei, hlýtur það að vera þreytandi og þungbært líf fyrir þeim mönnum.
Vanti gleðina verður myrkur í sál mannsins, og jafnt fyrir það, þó hann hafi þessi veraldlegu þægindi lífsins, sem kölluð eru, eða líkams þægindi: Það er sálin sem sveltur. Hún er byrgð inni í skuggalegu hreysi, þar sem



geislar gleðinnar ná eigi til að skína.

Að geta veitt sjálfum sér og öðrum, hreina sanna gleði; lyftir andanum hærra, og fyllir hjartað fögnuði:
Náskyldur gleðinni er kærleikurinn. Það er kærleikur að geta glatt sorgmædda sálu. Kærleikurinn getur komið fram í mörgum myndum, á margan hátt. Ynnilegt samband á heimilinu, þar sem hver vill öðrum alt hið besta, er kærleikur, það eru kærleiksheimili. Á slíkum heimilum verður gleðin daglegur gestur. Að rétta einstæðingjanum hjálparhönd þegar stormar óhamingju og erfiðleika steðja að þeim er kærleik~~ur~~sverk. Það er kærleikur að vilja öllum vel; náungans-kærleikur.

Bestu kærleiksverkin hjá oss mönnunum eru þau að gleðja lítið bróður- eða systur-barn, sem gengur á þyrni-

braut þessa lífs; hefur leitt út á ókomingju að lasta veg, og tapað því dýrmætasta sem til er trúnni á guð, og eilífu lífi — á réttan veg, veginn til Guðsins og lífsins, og fyllt hjartað af lotningu, trú og trausti á himnaföðurinn, sem hefur ómælanlegan kærleika til barnanna sinna.

Agnar Baldvinsson.

Vísa.

(Eftir Benedikt í Hvassafelli; um Björn L. Blöndal sýslum., á Hvammi í Vatnsdal:

Sorg þó sker mína minnu
mér ei ber að klaga;
en miður fer ef nörvöndin(n)
magnast þér til baga.

# Stökur.

(Eftir Valdimar K. Benónýsson,
— Valdimar er húnvetnskur að ætt sjá
Skuddlamát II. bls. 63-70 —

Syrgir margt hin sjúka lund
sálar þorlaust stirkur;
unað bjarta treystist stund
böls í svarta myrkur.

— " — " —

Meðan endist æfin mín
eg skal lífa glaður.
Elska hesta, víf, og vín
og vera drykkjumaður.

Meðan endist æfin mín
eg skal hyggilega;
elska hesta, víf, en vín
varast dyggilega.

## Fáeinar óprentaðar stökur
(Eftir Jón S. Bergmann)

Litunn stökum glóey greypir
geisla-hökulinn
er hún vöknuð árla steypir
yfir jökulinn.

— " — " —

Burt er fjóla fölar vori
fjær er sólar höll.
Ritar njóla rökkur-spori
rónar-skóg og fjöll.

Um mann.

Smíður þar á þekkist grip
því nú standa á verði;
engin skepna í sama svip
sem að drottinn gerði:

1/ 1929.



um annan mann.

Það er mikil þjóðarsynd
þegar slíkir barna
hann er eins og kollótt kind
kvikindi að tarna.

Þórn. Dr. Kirkjub. ka kvað þessa stöku til Bergm.:

Sólþök hvelfd hans svif fleyg önd
undan felld nam braga.
Hann fer eldi yfir lönd
öll í veldi Braga.

Bergm. svaraði: —

Hér í kveldin kveikt er vaf
köldum veldur sínum,
ég við heldur líkam af
hjartans eldi þínum.

## Bréf til N. N.

(Niðurlag.)

Jaja kunningi; margt gerist nú merkilegt í heimi þessum. Það merkilegasta sem eg hefi heyrt nú lengi, eða réttara sagt ómerkilegasta, er það þegar menn berjast af allri sinni slægð og hyggjuviti móti menningarmáli, fyrst vilja þeir losast við fjárgreiðslur, og létta af hreppnum þungum bagga, og skerast úr leik fyrir þá ástæðu, en síðar þegar málinu er svo vel á veg komið, að létta af hreppinum mikilli fjárgreiðslu, snúast þeir eins og skopparakringlur og þykjast gera sig ánægða með, miklu minni fjárupphæð en annars hefði fengist ef þeir hefðu aldrei komið til sögunnar.

Jaja kunningi; þannig er þessu varið og má kallast merkilegt.

Annars er fátt að frétta nema veikindi og manndauða og þessi sama blessuð blíða alltaf, og segjast sumir vera hræddir við þessa góðu tíð. — En eg er hræddur við vondu tíðina, en eigi þá góðu. — — Blessaður sendu mér línu við tækifæri; vertu svo margblessaður og sæll

Þinn gamli góði
kunningi
Hákon.

(Það skal sérstaklega tekið fram að þessi grein hefir legið hjá mér síðan í fyrra vetur. J.V.S.)

# Vertu ráðvandur.

Eptir: Charles Wagner.
Þýtt af: Lilju Sigurðardóttur.

Hefir maðurinn rétt til að eiga nokkuð? Þessari spurningu hefir opt verið kastað fram, en í rauninni mætti eins vel spyrja blátt áfram um tilverurétt okkar. Eignarrétturinn hefir eins og lífið, sjálfur í sér fólgna viðurkenningu fyrir tilveru sinni. Þrótturinn í öllu hinu skapaða og lögmálið sem stjórnar heiminum leiðir hann af sér. Verðmætast af öllum eignum okkar og sem allt annað er bein afleiðing af er líf okkar; mannvitið með þess margháttuðu hæfileikum. Að maðurinn sé sín eigin eign virðast vera hin eðlilegustu og auðskildustu réttindi og þó liðu margar aldir áður en þetta var almennt viðurkennt.

Þau sannindi að mannleg vera geti aldrei orðið eign annarar manneskju hafa eigi sigrað til fulls ennþann dag í dag.

Ánauð táknar í orðsins fyllsta merkingu og einnig fjárhagsleg ánauð er en þá til, en þrátt fyrir það er maðurinn sjálfs síns eign.

Þegar hann notar krafta sína vinnur hann ný réttindi utan einnar eigin persónu; þeim réttindum getur hann varið sér og öðrum í hag og á þann hátt getur hver maður bent á eitthvað, fleira eða færra, sem er hans eigin eign.

Virðingin sem menn bera hver fyrir annars eignarétti er ein af máttarstoðum þjóðfélagsbyggingarinnar og nefnum við hana ráðvendni. Þjófurinn þekkir ekki þessa virðingu fyrir eignarétti náungans, hann lítur á heiminn eins og ónumið land og hrifsar undir sig allt sem hann fær yfirkomist.

Þjófnaður er til í mörgum myndum; ruddalegasti þjófnaðurinn er að taka blátt áfram peninga eða hluti náungans. En svo er líka til dulklæddur þjófnaður, fágaður og hjúpaður svo ómögulegt er að reikna hann út, en takmarkið er alltaf það sama, að ná undir sig annara eigum og, nota til þess traust þeirra, trúgirni þeirra, ástríður þeirra, hjálpfýsi þeirra, trúarskoðanir þeirra o. s. frv.



Reglulegur þjófur verslar með alla vöru og smíðar peninga úr hvaða efni sem er; og meðulin sem hann notar eru í hans augum öll jafn góð og gild ef þau aðeins hepnast. Honum er ekkert heilagt. Verði honum það ljóst að meiri hagsvon sé að selja menn en t. d. kol, hrísgrjón eða feiti, gott og vel, þá verður hann þrælasali. Hafi hann eitthvað upp úr því að vera föðurlandsvinur eða trúarhetja þá er hann það, en sé meira á hinu gagnstæða að græða, þá skuluð þið sjá hvort hann afneitar eigi trú sinni eða gerist föðurlandssvikari.

— " — " — " — " —

En virðing fyrir eignaréttinum er ekki einasta það að draga sér eigi á óheiðarlegan hátt annara eigur.

Nei. hún er engu síður í því fólg-
in að virða sinn eigin eignarétt.
en í þessu tilliti eru flestir fáfróð-
ir. þeir álíta það eitt óráðvendni að
taka frá öðrum, en telja alls leyfi-
legt að fara með eigin eigur eins
og þeim best líkar. En þetta er
mesta blindni. Ráðvandur maður,
í orðsins fylsta skilningi, virðir
sinn eigin eignarétt eins og annara
og notar aldrei fjármuni sína í
þjónustu lágra eða eigingjarnra
hvata, en æfinlega skynsamlega og
samviskusamlega.

Eigur okkar er það sem við meig-
um ráða yfir en berum um leið á-
byrgð á.

Í rauninni er manninum jafn
óheimilt að fara illa með peninga
sína og að nota vopn sem hann á



til illverka. „Ég á þetta og má gera
við það hvað sem ég vil“ daglega heyr-
um við þessi orð af vörum þeirra sem
í hugsunarleysi kasta út peningum
og eyða með því atvinnu sína og tekjur;
vanrækja fyrir það starf sitt og heim-
ili. þessa menn vantar virðinguna
fyrir þeim fjármunum sem þeim er
trúað fyrir.

þá dygð að fara gætilega með fjár-
muni sína köllum við sparsemi. það
hefir sýnt sig að vera því erfiðara, því
meira sem maðurinn hefir handa á milli.
„Sparsemin er dygð sem fátæklingar ein-
ir þurfa á að halda“, segja margir.
Óskapleg heimska! það er það sama
og að segja að fáar kindur þurfi meiri
pössun en margar. því meira sem mað-
urinn hefur, því meira þarf hann að
svara; og það að vera einhvers eigandi

eða meigandi leggur opinberar skyld-
ur á herðar, sem maðurinn á að upp-
fylla; ekki sjálfs síns vegna heldur þess
þjóðfélags sem hann er meðlimur af
og sem honum ber að styðja og styrkja
af fremsta megni. Það er blátt áfram
glæpur að eyðileggja það sem ein-
hverjum gæti orðið að notum.

Maðurinn má ekki misbrúka fjár-
muni sína hvort þeir eru miklir
eða litlir. Sá sem dregið hefir sam-
an fé með miklum erfiðismunum
gætir þess vanalega vel; og það er
virðingarvert. Sparsamur daglauna-
maður og bóndi sem með súrum
sveita hefir reitt eitthvað saman sýn-
ir aðeins virðingu fyrir sjálfum sér
og starfi sínu með því að fara vel
með það og kasta því ekki á glæ.

Ekkert er raunalegra en að sjá



menn fleygja út í veður og vind á-
vöxtum erfiðrar vinnu.

Hvað munduð þið segja, ef þið sæjuð
tvo menn af hverjum annar þrælaði
6 daga vikunnar en hinn tæki svo
laun hans á laugardagskvöldið og æti
þau og drykki upp á lítilli stundu?

Ykkur mundi gremjast það óskap-
lega, en jafnhliða finna til meðaum-
kunar með veslings þrælnum, sem
léti sníkjudýr sjúga þannig úr sér
blóðið, og ef ykkur væri það mögu-
legt munduð þið reyna að koma í
veg fyrir þessa svívirðingu. En sá
sem þrælar 6 dagana og hinn sem
eyðir laununum á 1 tíma er því mið-
ur oft sami maðurinn. Hann hef-
ir enga meðaumkun með sjálfum sér
eða laununum sem hann hefir unnið
fyrir; hann virðir hvorki sjálfan sig eða

starf sitt, og verður svo sinn eigin harðstjóri:

— " — " — " — " — " —

Heilbrygði byggir okkur skyldur á herðar gagnvart þeim sjúka, þekking og mentun gagnvart þeim fáfróða, þróttur gagnvart þeim þreklitla og fjármunir gagnvart þeim sem ekkert eiga. Áhrif öls gera suma menn illgjarna, aðra hrygg-glaða, ljúfmannlega, fórnfúsa o. s frv.

Svipað má segja um auðæfin, þau hafa mjög ólík áhrif á mennina, hjá sumum vekja þau ljúfmensku, gjafmildi og höfðingslund, aðra gera þau skapvonda, sérgóða, drambsama og trylta. Þeir gæta fjármuna sinna eins og grimmur hundur sem liggur yfir beini og sýnir urrandi tennurnar hverjum sem nærri honum kemur



Sköruglt eru þeir á glóðum um að eitthvað verði frá þeim tekið; og þessi ótti gerir þá vonda og harðbrjósta. Aldrei gefa þeir neitt, vilja bara eiga. Að eiga er í þeirra augum gott að gefa illt. Sá sem biður þá um hjálp er óvinur og svikari.

Aðrir hafa ekki vit á að eiga neitt þeir fara með fjármuni sína eins og api mundi fara með bók eða dýrmætis áhöld; þeir þekkja hvorki verðmætið eða til hvers á að nota fé og verja því svo þvert á móti ráðum heilbrygðrar skynsemi.

Má ég svo segja fáein orð um það sem vakir fyrir mörgum sem full-kommunistakenningin í fjárhagsatriðinu, refni leggja það að allir hafi jafnt. Þessi jöfnuður væri ef til vill hugsanlegur ef einungis væri um ytri sömu

tegund fjármuni að ræða. En það er ekki nóg. Hvaða gagn væri að því að fá öllum jafna peninga upphæð í hendur, þegar þeir fara svo ólíkt með því. Fjármunir eru eins og hljóðfærið, það skiftir mestu máli að kunna að leika á það. Setjum svo að allir ættu flautu, haldið þið þá að allir léku jafnvel á þær? Nei, sami hluturinn breytir um verðmæti í ólíkum höndum.

Jafn ólíkir og hæfileikar manna eru mundu fjármunir þeim verða innan skams þó öllum væri úthlutað jafnt; það eitt nægir aldrei. Það sem mestu varðar er að við í tilliti til fjármuna — og yfirleitt í öllum hlutum — (innsk. af L.S.) skoðum hver annan sem bróður.

## Til þeirra sem fresta.

— " — " — " — " — " —

Með þessu 1. t. bl. hefst 20. árg. Viljans. Félagsm. ættu nú því að taka rögg á sig og skrifa í blaðið það sem eftir er í vetur.
Gamlir félagsm. og styrktarm. blaðsins mundu hafa þar nóg verkefni ef þeir mintust að einhverju leyti tvítugsafmælisins sem eigi virðist með öllu ótilhlýðilegt.— Hafi mér orðið það á að minna félagsmenn á skyldur sínar við blaðið, hefir svarið jafnan verið það sama; þeir hafa bent sigri hrósandi á ritnefndina og sagt — eins og þeir gömlu: „Hvað kemur oss það við."
En frá þeirri góðu nefnd hefir nú ekkert komið enn þá, og í því væri

heldur engin samgirni að allar[t]
til að hún ein héldi uppi merki
fyrir flesta félagsm. Að sjálfsögðu
ná þessar línur eigi til þeirra fárra-
fáu sem eitthvað hafa látið af hend-
rakna við blaðið. —
Í trausti þess að félags-menn, að einhverju
leyti taki þetta til athugunar í verkinu,
býður Tilj... sendum sínum gleði-
legt nýjár í 20. sinni og óskar þeim alls
góðs- til munns og handa. —

Jan 1930.

Jón V. Sigfússon

Efni:

A. Baldvinsson: Sálmur bls. 1.
— Sönn gleði og karl. — 3.
V. K. Ben: Stökur — 7.
J. S. Bergmann: Stökur — 8.
Hákon: Bréf til N. N. — 10.
E. Wagner: Veðurrótvandir - 12.
J. V. S.: Til þeirra sem fresta - 23.

Jón V. Sigfússon